



Leiðastjórnun (Ships' Routing)¹

Í fyrstu útgáfu SOLAS-samnings IMO um vernd mannlífa á hafinu var kveðið á um reglur um leiðastjórnun skipa.

Leiðastjórnunarkerfi og önnur kerfi til að stjórna siglingum hafa veri sett á laggir á mestu skipaumferðarsvæðum heimsins. Það hefur skilað sér með þeim árangri að árekstrum og strandi skipa hefur fækkað verulega.

Kveðið er á um ábyrgð IMO á leiðastjórnun skipa í V. kafla SOLAS um öryggi siglinga. Þar segir enn fremur að Alþjóðasiglingamálastofnunin IMO sé eina alþjóðlega stofnunina sem hefur heimild til að koma á fót slíkum kerfum.

Í 10. reglu alþjóðasiglingareglanna (COLREG) er mælt fyrir um siglingu skipa þegar þau ferðast um aðskildar siglingaleiðir (e. *Traffic Separation Schemes – TSS*) og hlotið hefur samþykki IMO. Ábyrgð IMO er einnig skilgreind í ákvæðum hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna (*UNCLOS*) þar sem kveðið er á um að IMO sé „hin lögmæta alþjóðastofnun“ sem setur alþjóðareglur á sviði siglingamála, siglingaöryggis, öryggi skipaumferðar og umhverfisverndar sjávar.

Ríkisstjórnir sem hyggjast koma á nýju leiðastjórnunarkerfi, eða breyta því sem fyrir er, þurfa að leggja fyrirhugaðar leiðastjórnunarráðstafanir fyrir undirnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi siglinga, fjarskipti og leit og björgun (*NCSR*) sem mun síðan meta tillöguna og og samþykkja hana eftir atvikum. Niðurstöður undirnefndarinnar eru síðan sendar til siglingaöryggisnefndar (MSC) til lokasamþykktar og tilgreiningar gildistöku dags ráðstafananna.

Auk aðgreindra siglingaleiða er völ á öðrum leiðastjórnunarráðstöfunum sem aðildarríki geta lagt fram og Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkir, eftir atvikum. Markmið ráðstafananna er að auka siglingaöryggi, t.d. með tvístefnusiglingaleiðum, siglingaleiðum sem mælt er með, djúpleiðum (fyrst og

¹ [Sverrir Konráðsson, Samgöngustofu, býddi og staðfærði af vef IMO, 7.7.2022](#)

fremst til að auka öryggi skipa sem eru böguð vegna djúpristu þeirra), varúðarsvæðum (þar sem skip þurfa að sigla með sérstakri varúð) og svæðum sem ber að forðast (vegna sérstakrar hættu eða sérstaklega viðkvæmra vistfræðilegra atriða og umhverfisþátta).

Upplýsingar um leiðastjórnunarkerfi skipa, þ.m.t. aðgreindar siglingaleiðir, sem hafa hlotið samþykki af IMO, er að finna í nýjustu útgáfu rits IMO, *Ships' Routing* frá 2019. Ritið er uppfært þegar leiðastjórnunarkerfum er breytt eða ný samþykkt.

Í ritinu er sérstakur kafli sem nefnist Almenn ákvæði um siglingaleiðir skipa (*General provisions of ships' routing*) sem er ætlað að aðstoða aðildarríki við að útbúa tillögur. Þar er tilgreind stöðluð framsetning tillagna, útfærsla með kortum og beiting leiðastjórnunarráðstafana sem IMO hefur samþykkt. Kveðið er á um að markmið leiðastjórnunar skipa sé að „auka öryggi siglinga á svæðum þar sem skipaleiðir mætast, á svæðum þar sem umferðarþungi er mikill eða þar sem siglingar eru örðugar vegna takmarkaðs siglingarýmis, hindrana við siglingar, takmarkaðs dýpis eða óhagstæðra veður-skilyrða“.

Eftirfarandi hugtök eru notuð í tengslum við leiðastjórnunarkerfi:

- Aðgreindar siglingaleiðir (*traffic separation scheme*): leiðastjórnunarráðstöfun sem miðar að því að aðskilja gagnstæðar umferðarleiðir með viðeigandi aðferðum og með því að koma á einstefnuleiðum.
- Einstefnuleið (*traffic lane*): svæði innan skilgreindra marka þar sem skipum er ætlað að sigla í einstefnuleið. Náttúrulegar hindranir, þar á meðal þær sem mynda aðskilnaðarsvæði, geta talist vera mörk.
- Svæði eða lína sem skilur að umferðarleiðir (*separation zone or line*): svæði eða lína sem aðskilur einstefnuleiðir þar sem skip sigla í gagnstæða eða næstum gagnstæða átt; eða aðgreina einstefnuleið frá aðliggjandi hafsvæði; eða aðskilja einstefnuleiðir sem eru ætlaðar tilteknum flokkum skipa sem fara í sömu átt.
- Hringleið (*roundabout*): aðskilnaðarstaður eða hringlaga aðskilnaðarsvæði og hringlaga umferðarleið innan skilgreindra marka.
- Grunnsiglingarleið/grunnleið (*inshore traffic zone*): skilgreint svæði á milli marka aðgreindra siglingaleiða sem liggja að strönd og aðliggjandi strandar.
- Ráðlögð siglingaleið (*recommended route*): siglingaleið af óskilgreindri breidd sem hentar skipum sem sigla um svæðið og er oft merkt með miðlínubaujum.
- Djúpleið (*deep-water route*): leið innan skilgreindra marka þar sem dýpi hefur verið mælt nákvæmlega og sett út í sjókort.
- Varúðarsvæði (*precautionary area*): svæði innan skilgreindra marka þar sem skip verða að sigla með sérstakri varúð og þar sem mælt er með að umferðarstefna sé skilgreind sérstaklega.
- Svæði sem ber að forðast (*area to be avoided - ATBA*): svæði innan skilgreindra marka þar sem siglingar eru annaðhvort sérstaklega hættulegar eða öll skip, eða tiltekna tegundir skipa, ættu að forðast.

Sjá einnig: [MSC/Circ.1060](#), með áorðnum breytingum. Leiðbeiningar um gerð tillagna um leiðastjórnunarkerfi skipa og tilkynningakerfi skipa.